



Afstöðumynd - mkv. 1:500

Byggingarlýsing

Almenn lýsing
 Um er að ræða einnar hæðar einbýlishús á lóðinni Mosar 14 í Bláskógabyggð. Húsið er á steypum undirstöðum og steypri einangraðri gólfplötu. Þak, útveggir og berandi veggir eru úr timbri. Þak er klætt með borðaklæðningu, þakpappa og búrastáli. Ytra byrði útveggja er úr litaðri búrjúrnklæðningu. Byggingin skal uppfylla hljóðvistarlokk C samkvæmt IST 45.

Aðgengi fyrir alla
 Húsið er hannað þannig að forstofa, eldhús, stofa, baðherbergi og eitt svefnherbergi uppfylli kröfur um algilda hönnun grein 6.7.3 byggingarreglugerðar 112/2012. Í eldhússinnréttingu skal hæð sökkla vera 30 sm og djúpt 15 sm til þess að auðveldi aðgengi hjólastóla. Steypur útpallur framan við útihurðir skal halla upp að þannig að ekki verði meiri hæðarmunur frá útsvæði og uppá þröskuld en 25 mm. Hiti neysluvatns á töppunarstað fari hvernig yfir 43 gráður.

Útveggir
 Búrðargrind útveggja er úr 45x150 mm timbri sem klædd er með krossvið að utanverðu, þá lektum og lituðu búrastáli. Innan á búrðargrind kemur rakavarnarlag og lagnagrind sem klædd er tvöfaldrí plötuklæðningu úr krossvið og gílsi. Þykkt einangrunar innan í búrðargrind er 150 mm.

Þak
 Þak er byggt úr timbursperrum, einangrað með 220 mm steinull, klætt með borðaklæðningu, þakpappa og lituðu búrastáli. Neðan við einangrun í þaki og niðurteknum loftum kemur rakavarnarlag. Sem neðsta lag neðan í öllum loftum hússins er gíflsplötuklæðning.

Innveggir
 Innveggir eru almennt úr 70 mm blikkgrind, fylltir með einangrun og klæddir með tvöföldu lagi af 13 mm gíflsplötum á bæði byrði veggins. Á alla fleti innan í öllum votrymum skal klæða með tvöföldu lagi af rakaheldum gíflsplötum. Berandi innveggir eru úr timbargrind, klæddir með krossviðarplötum á bæði byrði. Yfir krossviðarplötunum er klætt með einu lagi af gíflsplötum á bæði byrði.

Einangrun
 Öll einangrun er steinull nema einangrun undir grunnplötu og sökkla sem er einangrunarplast. Grunnplata og sökklar eru einangraðir með 100 mm einangrun. U-gildi, raka- og vindvarnir, ásamt loftþéttleika skulu uppfylla 13. kafla byggingarreglugerðar.

Gluggar og útihurðir
 Allir gluggar eru timburgluggar, álklaðdir að utan og með tvöföldu einangrunargleri (K-gler). Allar úti- og svalahurðir eru úr timbri með tvöföldu einangrunargleri (K-gleri). Þar sem gler er nær gólf en 0,60 m skal glerið í veggnum eða glugganum vera víðeigandi öryggisgler samkvæmt 8.5. kafla og nægjanlega þykkt til að standast fyrirhugað álag.

Upphitun
 Húsið er hitað upp með hitaveititungu gólfhitakerfi. Handklæðnaofnar eru á baðherbergi og snyrtingu.

Loftþræsing
 Vélræn loftþræsing er í öllum gluggalásum rýmum, auk stofu og eldhúss, snyrtingar og baðherbergis. Náttúruleg loftþræsing er um opnanleg fóg í öðrum rýmum.

Lagnaleiðir
 Rafllagnir eru í lagnagrindum í útveggjum, þaki og í niðurteknu lofti. Hitallagnir eru í grunnplötu og neysluvatnslagnir eru undir grunnplötu. Loftþræsing frá vélrænni loftþræsingu fer beint uppá þak. Hámarks hitastig á heitu neysluvatni á töppunarstað er 65 gráður og lágmarkshitastig á heitu neysluvatni er 60 gráður. Við sturtur, handlaugar og vaska komi hitastyrð blöndunartæki.

Innihurðir
 Hindrunarlauus umferðarbreidd á innihurðum inni eldhúsi, stofu, stærra baðherbergið og a.m.k. eitt svefnherbergi skal vera 80 sm. Allar innihurðir skulu vera þröskuldslausar. Hindrunarlauus hæð á innihurðum er 200 sm.

Gólf og loft
 Á öllum gólfum eru flisar. Sem neðsta lag neðan í öllum loftum hússins er gíflsplötuklæðning.

Flóttaleiðir og handslókkvibúnaður
 Björgunargöngur eru útr öllum svefnherbergjum. Reykskynjarar skulu vera á göngum, svefnherbergjum ásamt stofu og eldhúsi. Handslókkvitæki skulu staðsett í samráði við slökkvilið. Eldvarnarteppi skal koma fyrir í samráði við slökkvilið.

Vottanir
 Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hlotið hafa staðfestingu tilnefnds aðila á samræmi eða eru CE-merktar, samanber kafla VIII í mannvirkjalögum.

Önnur atriði
 Litur þak- og veggjaklæðningar húss er að vali arkitekts. Frárennsli frá húsi er í rotbró í eigu og rekstri sveitarfélagsins. Tvö bílastæði eru inni lóðar. Rafhleðslumöguleiki er við annað bílastæðið. Lyfjakassa og læsta hirslu fyrir hættuleg efni skal staðsetja í eldhúsi og í þvottastöðu á baðherbergi. Stærð og staðsetning á póstkassa skal uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar. Skyli fyrir tvær sorptunnur er við lóðarmörk. Setlaug á útsvæði skal búa læsanlegu loki til að hylja laugina með þegar hún er ekki í notkun. Barmur setlaugar skal vera a.m.k. 0,40 m yfir göngusvæði umhverfis hana. Lok skulu vera fest og þannig frágengin að börn geti ekki opnað þau.

Aflþörf og leiðnitap
 Sjá orkuramma.
Stærðir
 Landnúmer er L229309.
 Lóðarstærð er 1120 m².
 Nýtingarhlutfall er 0.088.
 Heildarflatarmál húss er 99.2 m².
 Heildarrúmmál húss er 543.1 m³.
 Aðrar stærðir sjá skráningartöflu.

20202134

Mosar 14, Bláskógabyggð

ábyrgðingur og hönnuðingur: Ágúst Hafsteinsson arkitekt
 verk: 06-16-01
 kvæði: 1:500
 efni: Afstöðumynd.
 dags: 15.04.2020 a: b: c: d: